

**Nd.**

**577. Frumvarp til laga**

[298. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

Flm.: Halldór Blöndal, Jón Baldvin Hannibalsson, Guðmundur Einarsson,  
Jón Magnússon, Svanfríður Jónasdóttir, Kristín Halldórsdóttir.

1. gr.

4. mgr. 12. gr. laganna falli brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**G r e i n a r g e r ð .**

Áfengislögin eru frá árinu 1969, en frá þeim tíma hafa margvíslegar breytingar orðið á ferðamannaþjónustu og gistihúsarekstri sem stendur í beinu samhengi við aukin ferðalög innlendra sem erlendra manna á öllum tímum árs. Á sama tíma hefur frjálsræði í meðferð og sölu áfengra drykkja aukist hér á landi.

Í frumvarpi þessu er einungis lagt til að þau hótél, sem reist hafa verið utan kaupstaða og standast fyllstu kröfur, sitji við sama borð og önnur. Það er sanngirnismál hvaða skoðun sem menn að öðru leyti kunna að hafa á meðferð og neyslu áfengra drykkja. Það liggur enda fyrir að þau örfáu veitingahús og hótél, sem starfrækt eru utan kaupstaða árið um kring, standa höllum fæti í samkeppninni meðan takmörkunarákvæði 12. gr. áfengislaganna eru í gildi. Ekki er að sjá að fyrir því séu nein rök að löggjafinn mismuni fyrirtækjum rekstrarlega með þessum hætti, að ekki sé minnst á það ranglæti sem núverandi tilhögun skapar.

Þetta mál hefur m. a. verið tekið upp af sveitarstjórn Skútustaðahrepps, en Mývatnsveit er sem kunnugt er einhver mest sótti ferðamannastaður landsins. Þar eru rekin tvö hótél, annað árið um kring. Í bréfi sveitarstjóra Skútustaðahrepps til þingflokksformanna, dags. 21. nóv. s. l., segir m. a.:

„Þeir er hagsmuna eiga að gæta í ferðaþjónustu, bæði atvinnurekendur og launþegar, gera þær kröfur að þeim sé gert fært að hafa rekstrar- og tekjumöguleika árið um kring eftir því sem markaður leyfir og þeim sé gert kleift að standa jafnfætis aðilum í veitinga- og gistipjónustu í borg og kaupstöðum með því að geta veitt gestum sínum sömu þjónustu. Benda má einnig á að íbúar landsins ættu að eiga rétt til sömu þjónustu hvað veitingar varðar í heimabyggð sinni sem í borg eða kaupstað, sé þjónusta á sviði veitingarekstrar á annað borð til staðar. Annað er skerðing á mannréttindum sem illt er að una við.“

Í samræmi við þetta gerði hreppsnefnd Skútustaðahrepps svofellda ályktun 6. september s. l.:

„Sveitarstjórn Skútustaðahrepps bendir á það óréttlæti er áfengislöggjöfin stuðlar að og telur að breyta eigi 12. gr. áfengislöggjafar varðandi vínveitingaleyfi utan kaupstaða þar sem hún er skerðing á mannréttindum og eðlilegum rekstrarmöguleikum aðila í hótélrekstri og skorar á þingmenn að stuðla að því að eftirfarandi málsgrein verði felld úr lögnum:

„Utan kaupstaða er einungis heimilað að veita vínveitingaleyfi á þeim árstíma sem heimsóknir erlendra ferðamanna eru að jafnaði mestar, þ. e. frá 1. júní til 30. september.“